

Jólaföndur úr almanaki SORPU

Það getur verið sniðugt að endurnýta gamla almanakið frá í fyrra, enda er það litríkt og margar fallegar myndir í því. Úr því er til dæmis hægt að búa til jólakúlur til þess að hengja á jólatréð.


Auk almanaksins þarf skæri, límstifti, blýant, glas eða annað hringlaga form, nál og tvinna.



Leiðbeiningar

1. Klippið út 20 hringi. Það er gott að nota glas eða annað hringlaga form til þess að strika eftir.

2. Brjótið brúnir hringsins eins og sýnt er á myndinni hér til hliðar.



3. Límið fimm hringi saman, hvern fyrir sig á tveimur hliðum. Takið aðra fimm hringi og límið þá með sama hætti. Þá er kominn toppur og botn kúlunnar.

4. Límið síðustu tíu hringina saman þannig að þeir myndi lengju. Hún verður miðja kúlunnar.

5. Þessir þrjú hlutar eru svo límdir saman. Síðan er hægt að nota nál til að þræða tvinna í kúluna svo að hægt sé að hengja hana upp.

